



*Sól og sumar í Húsafelli.
Myndin er af húsi félagsins í Kiðárbotnum.*

Orlofshús

Eins og fram kemur hér annarsstaðar í blaðinu verður FIT áfram með sumarhús á Spáni sem leigt er út til félagsmanna allt árið. Húsið er staðsett á Torrevieja en þar fer hitinn aldrei niður fyrir 16 °C allt árið. Í samstarfi við okkur eru Sumarferðir sem bjóða sanngjarnt flug til Spánar. Nánari upplýsingar má fá á heimasíðunni www.felag.is eða í síma 535 6000.

Einnig viljum við minna á orlofshúsin 21 sem hægt er að leigja allt árið hjá okkur. Á sumrin eru húsin og íbúðirnar leigðar félagsmönnum til vikudvalar í senn, en á öðrum tímum eftir samkomulagi. Sumarúthlutun fer fram eftir punktakerfi, en þar gildir að eiga flesta punkta. Félagsmaður getur fengið allt að 12 punktum á ári og eru nánari upplýsingar um orlofshúsin á heimasíðu okkar, www.felag.is. Þar birtast einnig upplýsingar í byrjun hverrar viku um lausa bústaði/íbúðir og hægt að panta með stuttum fyrirvara.

Nýr orlofshúsabæklingur kemur út í mars n.k.

Sameining fræðslumiðstöðvanna

Þann 16. desember s.l. undirrituðu eigendur fjögurra fræðslustofnana vilja-yfirlýsingu um sameiningu stofnana í Fræðslumiðstöð iðnaðarins (FI). Þessar stofnanir eru, Félag hótél og matvælagreina (FHM), Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins (FM), Menntafélag byggingariðnaðarins (MFB) og Prenttæknistofnun (PTS).

Markmið og áherslur

Markmiðið er að stofna einingu sem hefur aukinn styrk til að fást við rekstrar- og þróunarverkefni í fræðslumálum iðnaðarins til skemmri og lengri tíma. Meginverkefnið er að efla þær fjórar meginstöðir sem FI verður stofnað úr.

Í upphafi verður lögð áhersla á að fræðslumiðstöðvarnar haldi styrkleika sínum og stöðu á markaði auk þess sem unnið verður að því að bæta og auka það sem þegar er til staðar.

Á næstu fimm árum er stefnt að stækkun FI sem byggjast mun á betra námskeiðsframboði, betri þjónustu og nýjum tekjuskapandi þjónustupáttum í þeim tilgangi að styrkja með því símenntun í iðnaði.

Lögð verður áhersla á að nýta sem fyrst margvísleg samlegðartækifæri sem felast í að setja saman fjögur fyrirtæki, með um 38 mkr meðalveltu, í eitt fyrirtæki með a.m.k. 150 mkr veltu. Samlegðartækifærin eru tvenns konar:

Sameiginleg framkvæmd (t.d.)

- Stjórnun, rekstur og skrifstofuhald
- Umsjón með námskeiðahaldi
- Útgáfumál
- Markaðs- og kynningarmál

- Kennsla í almennum greinum, rekstri og stjórnun
- Þjónusta og ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga
- Þróunar- og umsýsluverkefni fyrir stjórnvöld
- Samstarf innanlands og erlendis
- Þróun nýrra þjónustupátta
- Námskrágerð

Aukinn slagkraftur í ný verkefni (t.d.)

- Þróun nýrra námsleiða t.d. fyrir hópa faglærðra og ófaglærðra sem ekki hafa haft aðgengi að námsframboði
- Fleiri þróunar- og þjónustuverkefni fyrir stjórnvöld
- Aukin áhrif á þróun iðnnáms
- Aukin áhrif á þróun og tengsl háskólanáms við iðnnám
- Aukin samþætting endurmenntunar og gæðastjórnunar fyrirtækja
- Aukin áhrif til umsagnar og ráðgjafar til stjórnvalda
- Hvers kyns efling á iðngreinum, gæðum þeirra og fagmennsku
- Aukin fræðsla og kynning í þeim tilgangi að auka tiltrú almennings á iðnnámi, iðnfyrirtækjum og iðnaðarstörfum.

Aðilar eru sammála um að stofnun FI á grunni núverandi fræðslumiðstöðva sé tækifæri til frekari samþjöppunar meðal menntafélaga og fræðslustofnana.

Framkvæmdin

Stefnt er að stofnun Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins þann 1. janúar 2006 og að vinna við mótun á stefnu,

nýju skipulagi og við frágang á samrunagögnum verði lokið fyrir 1. febrúar 2006. Þar með talið er hluthafasamkomulag þar sem leikreglur samstarfs eigenda í nýju félagi verða skilgreindar.

Aðilar eru sammála um að skipuð verði undirbúningsstjórn með heimild til að ráða framkvæmdastjóra og vinna að formlegri stofnun FI. Undirbúningsstjórnin láti af störfum á fyrsta aðalfundi FI þar sem stjórn FI verður kosin.

Stefnt er að kynningu þessarar yfirlýsingar í stjórnnum eignaraðila fræðslumiðstöðvanna í þeim tilgangi að fá samþykki þeirra fyrir framhaldi málsins. Æskilegt er að niðurstaða þess liggi fyrir ekki síðar en 16. desember 2005.

Stefnt er að kynningu á stofnun FI fyrir núverandi starfsfólk fræðslumiðstöðvanna þegar stjórnir eigenda hafa staðfest undirritun þessarar yfirlýsingar. Stefnt er að kynningu meðal viðskiptavina þeirra og almennings í kringum áramótin næstu.

Ákveðið er að allir eignaraðilar að stofnun FI staðfesti áframhaldandi starfsemi fræðslumiðstöðvarinnar eftir 5 ár (31. desember 2011). Ef einhver þeirra eigenda sem aðild á að FI gerir það ekki (Samiðn, SI, Matvís, SAF eða FBM) eru aðilar sammála um að fræðslustarfsemi í viðkomandi grein haldi áfram utan FI.

Stefnt er að því að stjórnir eigenda staðfesti þessa yfirlýsingu og veiti um leið starfshópnum umboð til að ljúka stofnun á Fræðslumiðstöð iðnaðarins í samræmi við ofangreind atriði.

Ekki hefur enn tekist að ljúka undirbúningi en áfram er unnið af fullum krafti og stefnt að því að FI hefji starfsemi sem fyrst.



Fréttabréf

Félag iðn- og tæknigreina

Borgartúni 30 - Sími 535 6000

Ábyrgðarmaður:

Hilmar Harðarson.

1. tbl. 4. árg. desember 2006

Prentumsjón:

Stafræna prentsmiðjan ehf - www.smidjan.is

Þjónustuskrifstofur FIT

Félagið er með þrjár þjónustuskrifstofur.

Reykjavík: Borgartúni 30,

opið frá kl 8-16, s: 535 6000.

Selfossi: Austurvegi 56, s: 480 5000

Akranesi: Kirkjubraut 40, s: 431 2380

Námskeið fyrir félagsmenn FIT á vorönn 2006

Landbúnaðarháskóli Íslands býður uppá styttri sem lengri námskeið núna á vorönn 2006.

Boðið verður m.a. uppá námskeiðið **Ræktun í skólagörðum**, lífrænar varnir í grænmetis og blómarækt, útfararskreytingar, skógrækt ásamt fjölda annarra námskeiða. Nánari upplýsingar um þau námskeið sem verða í boði er að finna á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands www.lbhi.is

Menntafélag byggingariðnaðarins stendur fyrir fjölda námskeiða fyrir starfsmenn í byggingariðnaði. Námskeiðin eru haldin í Reykjavík, Hafnarfirði, Reykjaneshæ, Ísafirði, Selfossi, Borgarnesi, Akranesi og á Akureyri.

Eftirtalin námskeið verða í boði núna á næstu vikum. 18. febrúar n.k. verður námskeiðið **Ábyrgð byggingastjóra** haldið í Hafnarfirði. **Viðhald og endurbætur eldri timburhúsa** verður haldið á Akranesi 3. og 4. febrúar. **Parketgölf** verður haldið 3. og 4. febrúar á Akureyri. **Plastkubbahús** verður á Ísafirði 11. febrúar. **Verkfæri-Festingar** verður haldið í Reykjavík 11. febrúar. **Málun eldri timburhúsa** verður haldið í Reykjavík 3. og 4. febrúar. **Húsgagnaviðgerðir**

bæsun og litun verður haldið 24. og 25. febrúar í Reykjavík. **Rör í rör, lagnakerfi** verður í Reykjavík 3. og 4. febrúar. Þetta er aðeins brot af þeim námskeiðum sem verða í boði á vegum MFB, nánari upplýsingar um þau námskeið sem verða í boði á vorönn er að finna í Byggið og á heimasíðu Menntafélags byggingariðnaðarins www.mfb.is og í síma 590-6430.

MFB hefur gert samkomulag við Fjarkennslu.is sem býður úrval námskeiða á netinu jafnt fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir. Skráning og úthlutun aðgangsslykils til félaga er í gegnum skrifstofu MFB.

Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins býður upp á fjölmörg námskeið núna á vorönn. Ýmis tölvunámskeið eru í boði á vegum FM, boðið er upp á námskeið í stjórnun ásamt sérhæfðum námskeiðum t.d. er boðið uppá nokkur námskeið í vökvakerfum, loftræstitækni, málmsuðu og námskeið í veiðifæragerð. Hér er stiklað á stóru en við hvetjum félaga til að kíkja á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar málmiðnaðarins www.metal.is en þar er hægt að finna hvaða námskeið er verið að bjóða uppá ásamt verði og tíma-setningu.

Erlent vinnuafli

Eftir mikla umfjöllun um slæma meðferð, léleg laun og aðbúnað sem sumu erlendu vinnuafli hefur verið boðið uppá hérlandis undanfarna mánuði, virðist ástandið vera að batna. Helst má þakka það auknum kröfum atvinnurekenda gagnvart starfsmannaleigum, en borið hefur á því að þeir geri þær kröfur að leigurnar séu með viðurkenningu frá stéttarfélagi um að launakjör uppfylli kjarasamninga. Slík vinnubrögð atvinnurekenda eru til fyrirmyndar, en staðreyndin er sú að atvinnurekendur kæra sig ekki um að fyrirtæki þeirra lendi í umræðu fjölmiðla vegna viðskipta við starfsmannaleigur sem koma illa fram við starfsmenn sína.

Gríðarleg vinna hefur verið unnin af hálfu margra stéttarféлага undanfarna mánuði í eftirliti og aðstoð vegna erlends vinnuafli. Af hálfu FIT hefur verið farið í fjölmargar heimsóknir á vinnustaði bæði að eigin frumkvæði og einnig vegna ábendinga sem félagsmenn hafa gert. Þann 1. maí n.k. mun íslenskur vinnu-markaður opnast enn frekar vegna stækkunar Evrópusambandsins en þá munu meðal annars Pólland og Eystrasaltsríkin eiga hér aðgang án þess að þurfa að sækja um atvinnuleyfi. Fróðlegt verður að sjá hvort þetta muni hafa afgerandi áhrif á Íslandi eða hvort eftirspurn eftir vinnuafli er nú þegar fullnægt.

Evrópudómstóllinn með launaþróun á Íslandi í hendi sér

Félagsdómur í Svíþjóð hefur vísað deilu tveggja verkalyðssambanda við lettneska fyrirtækið Laval til Evrópudómstólsins.

Forsaga málsins, sem nefnt hefur verið Vaxholm-málið er að Laval tók að sér að byggja skóla í Vaxholm í Svíþjóð og flutti í því skyni inn vinnuafli frá Lettlandi og hugðist hafa það á lettenskum kjörum sem eru verulega lakari en í Svíþjóð. Þessu vildu sænsku stéttarfélagin ekki una og sendu málið að lokum

til félagsdóms sem eins og áður sagði áframsendi það til Evrópudómstólsins.

Gríðarlegir hagsmunir eru í húfi fyrir allt launafólk innan Evrópusambandsins því að þarna er tekist á um efnahagsleg og félagsleg markmið þ.e. hvort kjarasamningar þess lands sem unnið er í eða kjarasamningar heimalands fyrirtækis gildi. Verktakar í láglaunalöndunum innan Evrópusambandsins myndu komast í góða stöðu en fyrir launafólk, ekki síst á Norðurlöndunum þýddi þetta

kjaraskerðingar. Ef niðurstaða dómstólsins verður Laval í hag mun það leiða til þess að yfir Norðurlöndin flæðir erlent vinnuafli á mjög lágu launum sem í raun þýddi að félagsleg staða launafólks mundi hrynja. Þarna eru því gríðarlegir hagsmunir í húfi og ljóst að niðurstaða dómstólsins getur kollvarpað norrænum vinnumarkaði en þá um leið vakið upp margar og flóknar spurningar um Evrópska efnahagssvæðið og ávinning Íslands af veru í því.

UMSÓKN UM ORLOFSDVÖL Á SPÁNI SUMAR 2006

Umsóknir sendist til Félag iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Fax 5356020 Sími 5356000 Tölvupóstur: thskrif@samidn.is

Umsóknareyðublöð eru líka á www.felag.is undir möppunni eyðublöð.

Nafn		Kennitala	
Heimili		Póstnúmer	
Vinnustaður		Sími (gsm)	
Netfang			

TORREVIEJA Á SPÁNI

Verð fyrir íbúðina í Torrevieja er kr. 55.000 (lokaþrif innif.)

Verð fyrir flug til Alicante með Sumarferðum er kr. 26.900.

Verð fyrir börn yngri en 2ja ára er kr. 5.000.

Flugvallarskattar eru innifaldir í verðinu.

Íbúðin er einungis leigð til tveggja vikna í senn.

CALPE Á SPÁNI

Að þessu sinni er boðið upp á 15 ferðir til Calpe á Spáni á algjörum sérkjörum í samstarfi við Sumarferðir hf. Þessar tveggja vikna ferðir miðast við brottfarir fyrir tímabilið 18. maí til 1. september. Um er að ræða tvö verðtímabil. Innifalið er flug, gisting og flugvallaskattar. Ef félagsmaður fær úthlutun til Calpe snýr hann sér til Sumarferða varðandi dagsetningar og aðra umsýslu.

VERÐDÆMI:

1 í íbúð m.flugi	81,900 kr. á mann
2 í íbúð m.flugi	54,400 kr. á mann
3 í íbúð m.flugi	45,233 kr. á mann
4 í íbúð m.flugi	40,650 kr á mann
5 í íbúð m.flugi	37,900 kr á mann
6 í íbúð m.flugi	36,066 kr á mann

Fjöldi í íbúð	Svefnherbergi	18.maí til 6.júlí	13.júlí til 1. september
6	2	36.700 kr.	44.400 kr.
5	2	38.400 kr.	47.700 kr.
4	1	37.900 kr.	45.200 kr.
3	1	41.200 kr.	51.000 kr.
2	1	47.700 kr.	62.400 kr.

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um tvo gistimöguleika, annarsvegar Torrevieja og hinsvegar Calpe.

Merkið með tölunni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, 4, 5 eða 6 til vara.

Upphafsdagur	→	24. maí	7. júní	21. júní	5. júlí	19. júlí	2. ágúst	16. ágúst
Lokadagur	→	7. júní	21. júní	5. júlí	19. júlí	2. ágúst	16. ágúst	30. ágúst
Torrevieja								

Calpe	
-------	--

Umsóknir verða að hafa borist til FIT í síðasta lagi
10.febrúar

Sjá nánar á www.felag.is og www.sumarferdir.is

Upplýsingar um íbúðina á Spáni



Útsýni frá svölum íbúðarinnar í Torrevieja

Heimilisfang:

El Molino

Calle Vial de Ronda, Tomillo y Plaza del Molino

Fase II

Torrevieja

Alicante - Spánn

(5 hæð íbúð nr.9)

Íbúðin er með tveim svefnherbergjum, salerni, eldhúsi, stofu og svölum.

Svefnaðstaða er fyrir sex manns, hjónarúm, tvö stök rúm og svefnsófi í stofu.

Í íbúðinni er allur búnaður í eldhúsi, þvottavél, sjónvarp, straujárn ofl.

Íbúðin er á efstu hæð (5. hæð). Lyfta er í húsinu. Í bakgarðinum er sundlaug.

Örstutt er niður á strönd og í stóra verslun þar sem hægt er að versla fatnað, húsgögn, matvörur og margt fleira. Þar við hliðina er keiluhöll, spilasalur, bío, matvöruverslun og margir veitingastaðir.

Stutt frá íbúðarblokkinni er Evrópugarðurinn. Þar eru leiktæki fyrir börn, hægt að fara með nesti eða kaupa léttar veitingar.

Calpe vinsæll staður á Spáni



Kletturinn í Calpe sem stendur á Costa Blanca ströndinni.

FIT, í samvinnu við ferðaskrifstofuna Sumarferðir býður félagsmönnum tveggja vikna ferðir til Spánar í sumar á hagstæðu verði á tímabilinu 18. maí – 1. september.

Boðið er uppá gistingu á íbúðarhótelum. Íbúðirnar eru ýmist með einu eða tveim svefnherbergjum. Nánari upplýsingar um Calpe, hótél, o.fl. er að finna á www.sumarferdir.is.

Umsóknir skulu berast með tölvupósti á: fit@felag.is eða til skrifstofu félagsins að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, fyrir 10. febrúar n.k., Nánari upplýsingar í síma: 535-6000.

SUMAR FERÐIR

Tillaga Uppstillinganefndar félags iðn- og tæknigreina fyrir aðalfund 2006

Tillaga uppstillinganefndar um hluta stjórnar til ársins 2008:

Varaformaður: Tryggvi F. Arnarson
Gjaldkeri: Ármann Ægir Magnússon
Meðstjórnandi: Einar Þór Gíslason
Meðstjórnandi: Sveinn Jónsson
Meðstjórnandi: Andrés H. Hreinsson
Varamaður: Helgi Ólafsson

Tillaga uppstillinganefndar um aðalmenn í trúnaðarráð fyrir aðalfund 2006 til ársins 2008:

- Kristján Þórðarson húsasmiður, Vík.
- Kristján Geir Jóhannesson, bifvélavirki Kópavogi.
- Kristinn Bjarnason bifvélavirki, Reykjavík.
- Sígfús Birgir Haraldsson bifvélavirki, Reykjavík.
- Magnús Sigurðsson blikksmiður, Selfossi.
- Reynir Pálmason bifvélavirki, Reykjavík.
- Finnur Traustason málari, Reykjavík.
- Ása Jóhannsdóttir garðyrkjumaður, Reykjavík.
- Guðmundur Ottósson bifreiðasmiður, Reykjavík.
- Reynir Olgeirsson blikksmiður, Reykjavík.
- Bjarni E. Gunnarsson vélvirki, Akranesi.

Varamenn í trúnaðarráði til ársins 2008:

- Gunnar Geir Ólafsson, bifvéla-
virki, Mosfellsbæ.
- Rúnar Breiðfjörð Ásgeirsson
bifvélavirki, Reykjavík.
- Eiríkur Gunnarsson bifvélavirki,
Reykjavík.
- Guðmundur B. Guðmundsson
húsasmiður, Reykjavík.
- Jón Kristinn Snorrason málari,
Reykjavík.
- Hjörtur Óli Sigurpórsson blikksmiður,
Reykjavík.
- Magnús Heiðar Þorgeirsson
blikksmiður, Reykjavík.
- Jón Kristinn Valsson bifvélavirki,
Kópavogi.
- Rúnar H. Hauksson bifreiðasmiður,
Reykjavík.
- Ingibjörg Jónsdóttir húsasmiður,
Þorlákshöfn.

Tillaga uppstillinganefndar á aðalfundi 2006 um kjörstjórn til ársins 2007:

Aðalmenn:

Tryggvi Bjarnason bifvélavirki, Reykjavík.
Kristinn Bjarnason bifvélavirki, Reykjavík.

Varamenn:

Sigurður Hafliðason garðyrkjumaður, Reykjavík.
Arnar Helgason húsasmiður, Hafnarfirði.

Tillaga uppstillinganefndar á aðalfundi 2006 um félagslega skoðunarmenn reikninga til ársins 2007:

Aðalmenn:

Erlendur Eiríksson málari, Garðabæ.
Margrét Hálfdánardóttir, garðyrkjumaður
Reykjavík.

Varamenn:

Ólafur Hafsteinsson bifvélavirki, Hafnarfirði.
Magnús Ögmundsson húsasm., Reykjavík.

Auk þess eiga allir kjörnir trúnaðarmenn á
vinnustöðum sæti í trúnaðarráði FIT.

Góður afsláttur há 66°N

**FIT hefur komist að sam-
komulagi við 66° Norður
um afslátt til félagsmanna
FIT.**

**Gegn framvísun félagsskír-
teinis veitir 66° Norður
12% afslátt í öllum verslu-
num fyrirtækisins, en þær
eru í Kringlunni, Banka-
stræti, Faxafeni, Garðabæ,
Akureyri, Húsavík og Vest-
mannaeyjum.**

Tillaga uppstillingarnefndar um fulltrúa á ársfund ASÍ árið 2006:

- Hilmar Harðarson
- Sveinn Ingason
- Tryggvi Arnarson
- Ármann Ægir Magnússon
- Gunnar Björn Gunnbjörnsson
- Vilhjálmur Gunnarsson
- Georg Óskar Ólafsson
- Sveinn Jónsson
- Einar Þór Gíslason
- Helgi Ólafsson
- Þorsteinn Kristmundsson
- Andrés Hreinsson
- Davíð Ingi Baldursson
- Ólafur Hafsteinsson
- Kristján Þórðarson
- Sigríður Runólfssdóttir

Tillaga uppstillingarnefndar um fulltrúa á aðalfund Sameinaða lífeyrissjóðsins árið 2006:

- Andrés Haukur Hreinsson, Bessasthr.
- Ármann Ægir Magnússon, Hveragerði.
- Einar Þór Gíslason, Reykjavík.
- Georg Óskar Ólafsson, Reykjavík.
- Vilhjálmur Gunnarsson, Akranesi.
- Gunnar Björn Gunnbjörnsson, Reykjavík.
- Helgi Ólafsson, Reykjavík.
- Hilmar Harðarson, Reykjavík.
- Sveinn Ingason, Hafnarfirði.
- Sveinn Jónsson, Reykjavík.
- Þorsteinn Kristmundsson, Kópavogi.
- Kristján Geir Jóhannesson, Kópavogi.
- Ólafur Hafsteinsson, Hafnarfirði.

Varamenn:

- Davíð Ingi Baldursson, Selfossi.
- Tryggvi Arnarson, Reykjavík.

Tillaga stjórnar um uppstillinga- nefnd fyrir aðalfund 2006 kjörin til ársins 2007:

Einar Þór Gíslason bifreiðasmiður.
Ólafur Hafsteinsson bifvélavirki.
Birgir Gíslason málari.
Sigurður Hafliðason, garðyrkjumaður.
Magnús Ögmundsson húsasmiður.

Um kosningar í embætti hjá FIT

Í 17. gr. laga félagsins segir: Fyrir aðalfundi ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu í embætti skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, ritari, þrír meðstjórnendur og tveir varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, þrír meðstjórnendur og einn varamaður. Jafnframt skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga árlega. Aðalstjórn félagsins er jafnframt stjórn sjúkrasjóðs. Uppstillinganefnd skal skila listum að framboðum fyrir 15. janúar ár hvert. Fyrir 1. febrúar skal kynna tillögur nefndarinnar og kosningafyrirkomulag í fréttabréfi. Félagsmenn geta boðið sig fram til einstakra embætta hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Ef fleiri en ein tillaga kemur fram skal viðhöfð póstatkvæðagreiðsla.

Ekki er í lögunum kveðið á um hvernig uppstillinganefnd skuli kosin, en frá upphafi hefur stjórn félagsins gert tillögu um hana til aðalfundar og hún starfað á milli aðalfunda.

Um kosningu í trúnaðarráð og samninganefnd segir í 20. grein félagslaganna:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga. Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 23 félagsmenn og 23 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1-23 og kjörinn helmingur annað árið en hinn hlutinn hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins

Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

21. grein laganna fjallar um kjörstjórn og er eftirfarandi:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir af aðalfundi. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Úr félagsstarfinu

Út í bláinn eru skemmtilegar óvissuferðir sem FIT býður félagsmönnum sínum upp á síðasta sunnudag í hverjum mánuði fram á vor. Lagt er af stað frá Borgartúni 30 klukkan 13:00 og yfirleitt er stefnt að heimkomu um klukkan 17:00. Ferðirnar eru þó mislangar og

stundum er fengin rúta en einnig er farið í gönguferðir um borgina undir leiðsögn fróðra manna. Fyrsta ferð ársins verður farin sunnudaginn 29. janúar og er mæting, eins og áður segir, í Borgartúni 30 klukkan 13:00.

Bæði óvissuferðirnar og spilamennskan

er samstarfsverkefni félaganna í Borgartúni 30.

Bridge er spilaður annan hvern fimmtudag í Borgartúni 30.

Dagskrá bridgespilara fram á vorið er eftirfarandi.

12. janúar fimmtudagur: BYKO bikarinn tvímenningur.

26. janúar fimmtudagur: BYKO bikarinn tvímenningur.

9. febrúar fimmtudagur: Húsasmiðjubikarinn sveitakeppni.

23. febrúar fimmtudagur: Húsasmiðjubikarinn sveitakeppni.

9. mars fimmtudagur: Húsasmiðjubikarinn sveitakeppni.

23. mars fimmtudagur: Húsasmiðjubikarinn sveitakeppni.

7. apríl föstudagur: Uppgjör vetrarins og einmenningur.

Afslættir

Við viljum benda félagsmönnum okkar á að ýmis fyrirtæki veita afslátt gegn framvisun félagsskirteinis. Þeim sem veita okkur afslætti er alltaf að fjölga og er hægt að sjá upplýsingar um hverjir það eru á heimasíðu okkar, undir „TILBOÐSHORN“

Fylgist með þessum og öðrum fréttum á heimasíðu félagsins, www.felag.is

Launaseðlar

Nokkuð hefur verið hringt til FIT og spurt um svokallað jafnaðarkaup. Ekki er að finna í samningum heimildir til að semja um slíkt fyrirkomulag en ef það er tíðkað einhversstaðar er viðkomandi bent á skyldu atvinnurekanda til að afhenda launaseðla, hvort sem um innlenda eða erlenda starfsmenn er að ræða og hvað skuli koma fram á þeim. Í grein 1.7.2 í aðalkjarasamningi Samiðnar stendur:

Atvinnurekendur skulu í hvert sinn sem útborgun launa fer fram afhenda hverjum starfsmanni launaseðil, þar sem fram kemur greinileg sundurliðun

á fjölda dag- og yfirvinnutíma, kaupgjaldi fyrir unninn tíma, desember- og orlofsuppbót, sé hún greidd út jafnharðan, ákvæðisvinnugreiðslum, orlofi o.s.frv. einnig allur frádráttur af kaupi svo sem lífeyrисиðgjald starfsmanns, stéttarfélagsgjald, opinber gjöld, samtölur frá áramótum, uppsöfnun á fríi sem kemur í stað yfirvinnu o.s.frv.

Félagsmenn sem telja á sér brotið hvað þetta atriði varðar er bent á að ræða við trúnaðarmann á vinnustað eða beint við atvinnurekanda og óska leiðréttingar.



KOSTIR SÉREIGNARSPARNAÐAR SAMEINAÐA LÍFEYRISSJÓÐSINS ERU ÓTVÍRÆÐIR

Sameinaði lífeyrissjóðurinn er öflugur og óháður lífeyrissjóður sem býður upp á hagstæðan séreignarsparnað sniðinn að þörfum hvers og eins. Eftirfarandi tvær leiðir eru meðal annars í boði.

Aldursleið

Í aldersleið Sameinaða lífeyrissjóðsins er inneign ávöxtuð í verðbréfasafni sem tekur mið af aldri. Inneignin flyst sjálfkrafa á milli leiða eftir aldri einstaklingsins. Áhættudreifing er innbyggð og felst í því að hlutfall hlutabréfa lækkar eftir því sem sjóðfélaginn eldist en hlutfall skuldabréfa hækkar að sama skapi. Verðbréfasafn með háu hlutfalli hlutabréfa hentar vel fyrir unga sjóðfélaga því iðgjöld þeirra eiga eftir að ávaxtast í langan tíma.

Skuldabréfaleið

Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður upp á skuldabréfaleið þar sem fjárfest er að fullu í innlendum, verðtrygðum skuldabréfum sem bera fasta vexti. Þessi leið hentar þeim vel sem vilja verðtryggja sparnaðinn og taka litla sem enga áhættu. Sveiflur í ávöxtun eru litlar í skuldabréfaleiðinni.

Reiknivélín á www.lifeyrir.is gerir öllum kleift að reikna séreignarsparnað út frá sínum forsendum.

Skráðu þig strax í Sameinaða lífeyrissjóðinn, það borgar sig!

Fáðu nánari upplýsingar á vefsíðu okkar, www.lifeyrir.is, eða í síma 510 5000.

